



Upplýsingar til fjölmiðla
frá
skrifstofu forseta Íslands

ÍSLENSKU MENNTAVERÐLAUNIN

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson veitir í kvöld, miðvikudaginn 1. júní, Íslensku menntaverðlaunin í fyrsta sinn. Athöfnin verður í Víðistaðaskóla í Hafnarfirði og hefst kl. 18:30.

Íslensku menntaverðlaunin, sem einkum eru bundin við grunnskólastarfið, verða veitt í fjórum flokkum:

1. Skólum sem sinnt hafa vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi.
2. Kennurum sem skilað hafa merku ævistarfi eða á annan hátt hafa skarað framúr
3. Ungu fólki sem í upphafi kennsluferils hefur sýnt hæfileika og lagt alúð við starf sitt.
4. Höfundum námsefnis sem stuðlað hafa að nýjungum í skólastarfi.

Fyrir tveimur mánuðum var öllum sem starfa á vettvangi grunnskóla og láta sig skólamál miklu varða, kennurum, nemendum, foreldrafélögum, skólum og öllum almenningi boðið tilnefna þá sem þeir töldu verðuga verðlaunahafa.

Tvær dómnefndir hafa starfað í aðdraganda verðlaunaveitingarinnar. Í þeirri dómnefnd sem fjallar um tilnefningar í fyrsta og fjórða flokki, þ.e. skóla og námsefni, sitja:

- Ingvar Sigurgeirsson prófessor við Kennaraháskóla Íslands
- Jóhanna Kristjánsdóttir fyrrverandi skólastjóri
- Katrín Alfreðsdóttir fyrrv. formaður Foreldrafélags Víðistaðaskóla
- Pétur Bjarnason framkvæmdastjóri SÍBS og fyrrv. fræðslustjóri
- Rósa Eggertsdóttir sérfræðingur á skólaþróunarsviði kennaradeildar Háskólans á Akureyri

Í dómnefnd sem fjallar um tilnefningar í öðrum og þriðja flokki, þ.e. kennara, sitja:

- Áslaug Brynjólfsdóttir fyrrv. fræðslustjóri í Reykjavík

- Séra Bjarni Karlsson sóknarprestur í Laugarneskirkju
- Haukur Helgason fyrrv. skólastjóri í Hafnarfirði
- Stella Guðmundsdóttir fyrrv. skólastjóri Hjallaskóla
- Svanhildur Kaaber ritari rektors Kennaraháskóla Íslands

Fulltrúum fjölmiðla er boðið að vera viðstaddir verðlaunaveitinguna. Þar verða einnig meðal gesta kennarar, nemendur, áhugafólk um skólastarf og forystufólk á vettvangi kennara- og uppeldismenntunar í landinu.

1. júní 2005

Nánar upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson skrifstofustjóri (896 3028) og Guðbrandur Stígur Ágústsson verkefnisstjóri Íslensku menntaverðlaunanna (862 8049).